

28. mars 2018

Fréttatilkynning

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn. Helsti vorboði okkar er kominn á tilsettum tíma nú rétt fyrir páska, fyrstu lóunnar sáust í Flóanum í dag. Aðeins tvisvar sinnum hafa lóunnar komið seinna en í dag, 1999 og 2001, en meðalkomudagur þeirra 1998-2017 hefur verið 23. Mars.

Lóan er einkennisfugl íslenskra móa og útbreiddur varpfugl um land allt og einnig á hálendinu. Lóan er vaðfugl sem verpur einkum á þurrum stöðum, mólendi og grónum hraunum. Hreiðrið er opin laut milli þúfna eða á berangri, klætt með stráum.

Um helmingur af heimsstofni lóunnar verpur hér á landi, eða um 300.000 pör, svo ábyrgð okkar gagnvart þessum vorboða er mikil og nauðsynlegt að vernda búsvæði hennar.

Vetrarheimkynnin eru í Vestur Evrópu, aðallega á Írlandi en einnig í Frakklandi, Portúgal og á Spáni.

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi er mynd af: Lóu

Ljósmyndari: Alex Máni Guðríðarson

Nánari upplýsingar veitir:

Jóhann Óli Hilmarsson | Fuglafræðingur | 567 3540 | 892 0299 | johannoli@johannoli.com